

Krulluannáll 2005

Krulluvefurinn birtir nú í fyrsta skipti eins konar krulluannál. Hér er stiklað á stóru í fréttum af krullufólki og rifjaðir upp helstu atburðir í starfsemi Krulludeildar SA, Krulludeildar Þróttar og Krullunefndar ÍSÍ.

Þegar lítið er til baka blasir við að árið 2005 er metár í krullunni á margan hátt. Aldrei áður hafa jafnmörg krullumót verið haldin hér á landi á einu og sama árinu, algjör sprenging hefur orðið í fjölda iðkenda, krulla er nú stunduð á tveimur stöðum á landinu, aldrei áður hafa jafnmargir erlendir keppendur komið til landsins og á árinu var í fyrsta skipti myndað landslið Íslands í krullu. Hér er fátt eitt talið. Árið 2005 var gott krulluár. Vonandi verður árið 2006 í sama gæðaflokki.

Janúar

- **19.-22. - Fyrirtækja- og hópakeppni, 13 lið, 52 leikmenn, 26 leikir.**
 1. Skautahöllin, 7 stig (3 sigrar, 1 jafntefli), Goran Gusic, Hallgrímur Ingólfsson, Sveinn Björnsson og Viðar Jónsson.
 2. Penninn, 6 stig (3 sigrar, 1 tap), Eyþór Ásmundsson, Grétar Örn Ásgeirsson, Hallgrímur Valsson og Jón Grétar Rögnvaldsson.
 3. Bangsar, 5 stig (2 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap), Árni Arason, Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason, Jón Hansen og Sigfús Sigfússon
- **31. - Fjórða Íslandsmótið í krullu hófst.**

Níu lið skráð til leiks, fleiri en nokkru sinni áður.



Febrúar

- **13. - Andlát**

Magnús E. Finnsson, formaður Skautafélags Akureyrar og krullumaður, lést eftir erfið veikindi.



Mars

- **31. janúar - 9. mars - Íslandsmót, 9 lið, 44 leikmenn, 36 leikir.**
 1. Fimmtíuplús, 16 stig (8 sigrar), Ágúst Hilmarsson, Gísli Kristinsson, Hallgrímur Valsson, Júlíus Arason og Sigurgeir Haraldsson.
 2. Kústarnir, 11 stig (5 sigrar, 1 jafntefli, 2 töp), Eiríkur Bóasson, Gunnar H. Jóhannesson, Kristján Þorkelsson, Ólafur Hreinsson og Pálmi Þorsteinsson.
 3. Skyttarnar, 9 stig (4 sigrar, 1 jafntefli, 3 töp), Árni Arason, Birgitta Reinaldsdóttir, Haraldur Ingólfsson og Jón Hansen.
- **19.-26. - Heimsmeistaramót 50 ára og eldri**

Í fyrsta sinn í sögu krulluþróttarinnar á Íslandi tók landslið Íslands þátt í móti erlendis. Fimm

menn og þjálfari frá Krulludeild Skautafélags Akureyrar héldu til Skotlands og tóku þátt í Heimsmeistaramóti karla 50 ára og eldri 19.-26. mars. Liðið vann tvo leiki (gegn Ástralíu og Wales) en tapaði sjö leikjum og varð í 9.-10. sæti B-keppninnar ásamt Áströllum. Liðsmenn: Ágúst Hilmarsson, Gísli Kristinsson, Hallgrímur Valsson, Júlíus Arason og Sigurgeir Haraldsson. Þjálfari var Jón Hansen.



Apríl

- **10. - Opna Reykjavíkurmótið haldið á Akureyri, 8 lið, 35 leikmenn, 16 leikir**
 1. GGT-1, (4 sigrar), Guðmundur Ingi Sveinsson, Haraldur Ingólfsson, Kristín Sif Jónínudóttir, Þorgeir Smári Einarsson og Þóra Einaradóttir. Sigruðu Dýrlinga í úrslitaleik mótsins, 7-0.
 2. Dýrlingar, (3 sigrar, 1 tap), Bergsveinn Snorrason, Einar Pálmi Sigmundsson, Eiríkur Bóasson, Gunnar Jóhannesson og Pálmi Þorsteinsson.
 3. Saku og félagar, (3 sigrar, 1 tap), Anna Eiríksdóttir, Bjarney Sigvaldadóttir, Gísli Kristinsson og Jens Gíslason. Sigruðu Skyttarnar í leik um 3. sætið, 4-2.
- **30. mars - 27. apríl - Minningarmót Marjo**
 1. Fimmtíuplús, (5 sigrar, 1 tap), sigruðu Kústana 9-2 í úrslitaleik, Ágúst Hilmarsson, Gísli Kristinsson, Hallgrímur Valsson og Sigurgeir Haraldsson.
 2. Kústarnir, (4 sigrar, 1 tap), Eiríkur Bóasson, Gunnar H. Jóhannesson, Kristján Þorkelsson, Ólafur Hreinsson og Pálmi Þorsteinsson.
 3. Sauðir, (3 sigrar, 1 jafntefli, 2 töp), sigruðu Ísbrjóta 8-6 í leik um bronsið - Jón Már Snorrason, Kristján Bjarnason, Hafdís Eygló Jónsdóttir og Sigurður Jónsson.
- **25. - Krulludeild Þróttar**
Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Þróttar samþykkir stofnun krulludeildar innan félagsins.



Mái

- **6.-7. - Ice Cup, 16 lið, 68 leikmenn, 40 leikir.**
 1. Margarita Canada, (5 sigrar), Rob Gagen, Kristy Holt, Stephen Hambly og Joan Hambly. Sigruðu Fimmtíuplús í úrslitaleik mótsins, 8-6.
 2. Fimmtíuplús, (4 sigrar, 1 tap), Ágúst Hilmarsson, Gísli Kristinsson, Hallgrímur Valsson og Sigurgeir Haraldsson.
 3. Skyttarnar, (4 sigrar, 1 tap), Árni Arason, Birgitta Reinaldsdóttir, Haraldur Ingólfsson og Jón Hansen. Sigruðu Mammúta í leik um bronsið, 6-5.
- **26. - Aðalfundur Skautafélags Akureyrar**
Ein breyting varð á stjórn Krulludeildar, Ágúst Hilmarsson varaformaður fór úr stjórn en inn í stjórnina kemur Ólafur Hreinsson. Í stjórn deildarinnar eru: Gísli Kristinsson formaður, Hallgrímur Valsson varaformaður, Ásgrímur Ágústsson ritari, Ólafur Hreinsson gjaldkeri, Davíð Valsson, Einar Jóhannsson og Jón Hansen.



Ágúst:

- **19. - Krullubrautum fjölgað á Akureyri.**
Vegna mikillar fjölgunar krullufólks undanfarin misseri var ákveðið að fjölga krullubrautum í Skautahöllinni á Akureyri úr fjórum í sex. Aðeins ári áður var þeim fjölgað úr tveimur í fjórar.
- **27. - Fyrsta krulluæfingin sunnan heiða**
Þorgeir Einarsson, Baldur Ingólfsson og Páll Tómasson drógu vini og kunningja með sér á fyrstu krulluæfinguna sem haldin hefur verið sunnan heiða. Áður höfðu Þorgeir og félagar málað tvær brautir á gólf Skautahallarinnar í Reykjavík. Reglulegar æfingar hófust skömmu síðar.



Október

- **13. - Stofnfundur Krulludeildar Þróttar**
Krulludeild Þróttar formlega komið á fót. Fyrsta stjórn: Þorgeir Einarsson formaður, Baldur Ingólfsson ritari, Ingólfur Björnsson gjaldkeri, Páll Tómasson og Ágúst Guðmundsson meðstjórnendur.
- **3.-24. - Gimli Cup, 10 lið, 45 leikmenn, 25 leikir.**
 1. Skyttarnar, (5 sigrar), Ágúst Hilmarsson, Birgitta Reinaldsdóttir, Jón Hansen, Sigurður Gunnarsson og Sigurgeir Haraldsson. Siguðu lið Víkinga í úrslitaleik mótsins, 7-6.
 2. Víkingar (3 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap), Björn Sigmundsson, Gísli Kristinsson, Jóhann Björgvinsson, Rúnar Steingrímsson.
 3. Fálkar (3 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap), Árni Arason, Haraldur Ingólfsson, Júlíus Arason og Sigfús Sigfússon. Siguðu Mammúta í leik um bronsið, 11-5.
- **27.-30. - Krullað í Kent.**
Tveir krullumenn úr Krulludeild SA héldu til Englands og tóku þátt í krullumóti í Fenton's rink í Kent. Annar með bandarísku liði en hinn með ensku.



Nóvember

- **21. október – 12. nóvember - Haustmót Krulludeildar Þróttar, 4 lið, 18 leikmenn, 6 leikir.**
 1. Rubber Ducks, 4 stig (2 sigrar, 1 tap), Páll Stefánsson, Ívar Pálsson, Ragnar Ingi Magnússon, Finnur Daði Matthíasson, Einar Haraldsson.

2. Sveipurinn, 4 stig (2 sigrar, 1 tap), Ágúst Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Grímur Jónsson, Guðmundur Ingi Sveinsson, Þóra Einarsdóttir.
3. Guttormar, 2 stig (1 sigur, 2 töp), Baldur Ingólfsson, Emil Rafn Jóhannsson, Hjálmar Jóhannsson, Heimir Þór Steindórsson.
4. Hittnir, 2 stig (1 sigur, 2 töp), Kristín Sif Jónínudóttir, Rúnar Þór Árnason, Þorgeir Einarsson, Þuríður Stefánsdóttir

- **2.-23. - Akureyrarmótið, 10 lið, 47 leikmenn, 30 leikir.**

1. Mammútar 10 stig (5 sigrar, 1 tap) Arnar Sigurðsson, Björgvin Guðjónsson, John Cariglia, Jón Ingi Sigurðsson og Ólafur Númason.
2. Garpar 9 stig (4 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap) Davíð Valsson, Elísabet Inga Ásgrímsdóttir, Hallgrímur Ingólfsson, Hallgrímur Valsson og Sveinn H. Steingrímsson.
3. Skyttarnar 8 stig (4 sigrar, 2 töp) Ágúst Hilmarsson, Birgitta Reinaldsdóttir, Jón Hansen, Sigurður Gunnarsson og Sigurgeir Haraldsson.



Desember

- **5.-14. - Bikarmót Krulludeildar SA, 8 lið, 36 leikmenn, 7 leikir.**

1. Fálkar (3 sigrar), Árni Arason, Haraldur Ingólfsson, Júlíus Arason og Sigfús Sigfússon. Unnu Skyttarnar í úrslitaleik, 4-3.
2. Skyttarnar (2 sigrar, 1 tap)
- 3.-4. Mammútar og Víkingar.

- **27. - Áramótamót Krulludeildar SA, 6 lið, 24 leikmenn.**

1. Jón Grétar Rögnvaldsson, Jens Gíslason, Gísli Kristinsson og Sigurður Gunnarsson.

- **23. - Krullumaður ársins valinn**

Jón Ingi Sigurðsson, fyrirliði Mammúta, var valinn krullumaður ársins 2005 af krullunefnd ÍSÍ. Hann var heiðraður ásamt fjölda annarra íþróttamanna í hófi í tengslum við krýningu Íþróttamanns ársins á vegum Samtaka íþróttafréttamanna 3. janúar 2006.

